

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Haukdælabraut 78–92.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 23. nóvember 2016 breytingu á deiliskipulagi Reynisvatnsáss vegna lóðarinnar nr. 78–92 við Haukdælabraut. Í breytingunni felst m.a. að byggingareitur til norðausturs er stækkaður og fyrirkomulagi bílastæða innan lóðar og í götu er breytt. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Landsbankareitur.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 23. nóvember 2016 breytingu á skilmálum deiliskipulags reits 1.174.0, Landsbankareits, vegna lóðanna nr. 92 við Hverfisgötu og 73 við Laugaveg. Í breytingunni felst m.a. að stærð kjallara hússins er lagfærð í skilmálatöflu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Vogahverfi vegna Gnoðarvogs 44.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 30. nóvember 2016 breytingu á deiliskipulagi Vogahverfis vegna hússins nr. 44 á lóð nr. 44–46 við Gnoðarvog. Í breytingunni felst m.a. að heimila gististað í flokki II á 2. hæð hússins. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 1. desember 2016.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 15. desember 2016